

málskostnað í aðalsök og gagnsök, og þykir hann hæfilega ákveðinn kr. 5000.00, þar með talinn matskostnaður.

Bergur Bjarnason, fulltrúi bæjarfógeta í Kópavogi, kvað upp dóminn ásamt sjó- og verzlunardómsmönnum Jósafat Línal skrifstofustjóra og Þormóði Pálssyni gjaldkera.

Dómsuppsögn hefur dregið nokkuð, en það stafar af páskahátíð o. fl. hátíðisdögum í apríl eftir dómtöku málsins og enn fremur af miklum önnum dómenda.

#### Dómsorð:

Í aðalsök greiði aðalstefndi, Gísli Finnsson, aðalstefnanda, Erlendi Blandon, kr. 14.760.21 með 7% ársvöxtum frá 14. október 1959 til greiðsludags.

Í gagnsök skal gagnstefndi, Erlendur Blandon, vera sýkn af kröfum gagnstefnanda, Gísla Finnssonar.

Aðalstefndi (gagnstefnandi) skal greiða aðalstefnanda (gagnstefnda) kr. 5000.00 í málskostnað í aðalsök og gagnsök, þar með innifalinn matskostnað. Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 17. febrúar 1961.

Nr. 140/1960. **Guðbrandur Ásmundsson**

(Ragnar Jónsson hrl.)

gegn

**Byggingarsamvinnufélaginu Framtaki**

(Árni Guðjónsson hrl.).

#### Dómsmenn:

hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Árni Tryggvason, Jónatan Hallvarðsson og Lárus Jóhannesson og Theodór B. Línal prófessor.

Málskostnaður.

#### Dómur Hæstaréttar.

Afrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 29. júlí 1960 og krafist þess, að stefnda verði dæmt

að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti samkvæmt texta Lögmannafélags Íslands.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar af áfrýjanda hér fyrir dómi.

Áfrýjandi gerðist, eins og í héraðsdómi greinir, félagsmaður stefnda hinn 9. júlí 1958 og greiddi sama dag í stofnsjóð stefnda kr. 50.000.00, er ganga skyldu upp í kostnað af byggingu íbúðar á vegum stefnda til handa áfrýjanda. Samkvæmt ákvörðun stjórnar stefnda hinn 17. júlí s. á. var fé þessu varið til kaupa efnis til fyrirhugaðrar húsbyggingar. Í bréfi stefnda til áfrýjanda 15. febrúar 1959 segir svo: „Byggingin verður auglýst í þessum mánuði. Ef ekki fæst næg þátttaka, verður efnið boðið til sölu fyrir lok marz mánaðar“. Af þessu er ljóst, að stefndi hefur ráðstafað stofnfé áfrýjanda til efniskaupa, allöngu áður en skilyrði voru til fullnaðarákvörðunar um byggingu húss þess, sem áfrýjanda mun hafa verið ætluð íbúð í. Að svo vöxnu máli og þar sem stefnda er samkvæmt 22. gr. samþykktar sinna skylt að hafa stofnfé „óbundið, þannig að unnt sé að greiða félagsmönnum fjáreign sína, hvenær sem er“, þá þykir stefndi eigi hafa sýnt fram á, að honum hafi verið rétt að ráðstafa stofnfé áfrýjanda, svo sem hann gerði, á þeim tíma.

Hinn 20. nóvember 1958 krafðist áfrýjandi endurgreiðslu fjárisins af stefnda og ítrekaði þá kröfu með bréfi hinn 10. febrúar 1959. Með greindu bréfi sínu 15. s. m. synjaði stefndi endurgreiðslu, enda bæri félaginu „ekki að endurgreiða féð, fyrr en annar maður hefði“ gerzt félagsmaður í stað áfrýjanda, „eða ef ekki verður af byggingunni, þegar efnið, sem keypt var fyrir féð, hefur verið selt“. Áfrýjandi sagði sig því næst úr félaginu með bréfi 23. febrúar 1959, og með stefnu 24. s. m. höfðaði hann mál þetta. Eftir að þingað hafði verið í málinu í héraði fjórum sinnum, lagði stefndi fram á dómþingi hinn 16. apríl 1959 greinargerð sína, þar sem hann krefst sýknu og málskostnaðar gegn greiðslu stofnfjár áfrýjanda ásamt 5% ársvöxtum frá 9. júlí 1958 til greiðsludags, en greiðslu þessa hafði stefndi boðið áfrýjanda sjálfum utan réttar um mánaðamótin marz og apríl 1959.

Telja verður samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, að stofnfé áfrýjanda hafi verið endurkræft, er mál var höfðað. Þegar þetta er virt og til þess litið, að stefndi bauð eigi fram greiðslu eftir málshöfðun, fyrr en getið var, þá þykir stefndi eiga að greiða málskostnað í héraði, kr. 4500.00, svo og málskostnað hér fyrir dómi, kr. 1500.00.

### Dómsorð:

Stefndi, Byggingarsamvinnufélagið Framtak, greiði áfrýjanda, Guðbrandi Ásmundssyni, málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 6000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

### Dómur bæjarþings Reykjavíkur 13. júní 1960.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 2. þ. m., höfðaði Guðbrandur Ásmundsson, Laugavegi 8 hér í borg, fyrir bæjarþinginu með stefnu, sem birt var 24. febrúar 1959, gegn byggingarsamvinnufélaginu Framtaki hér í borg til endurgreiðslu á stofnfjárframlagi.

Í stefnu er þess krafizt, að stefnda endurgreiði stefnanda kr. 50.000.00 og greiði 5% vexti p. a. af þeirri fjárhæð frá 9. júlí 1958 til stefnudags og 6% vexti p. a. af upphæðinni, eins og hún er þá orðin með vöxtum, frá stefnudegi til greiðsludags. Þá er krafizt málskostnaðar eftir gjaldskrá Lögmannafélags Íslands. Í hinum munnlega málflutningi lýsti lögmaður stefnanda því yfir, að aðaldómkrafan hefði þegar verið greidd ásamt vöxtum, en hann krefðist nú málskostnaðar eftir gjaldskrá Lögmannafélags Íslands, miðað við stefnukröfu.

Í greinargerð lögmanns stefnda er krafizt sýknu „gegn greiðslu á kr. 50 þúsund auk 5% vaxta p. a. af þeirri fjárhæð“ frá 9. júlí 1958 til greiðsludags. Þá var krafizt málskostnaðar eftir mati dómsins. Í hinum munnlega málflutningi krafðist lögmaðurinn aðallega málskostnaðar eftir gjaldskrá Lögmannafélags Íslands, miðað við hina upphaflegu kröfu. Til vara krafðist lögmaðurinn þess, að málskostnaður yrði látinn niður falla.

Málavextir eru þessir: Hinn 9. júlí 1958 gerðist stefnandi félagsmaður í hinu stefnda byggingarsamvinnufélagi og greiddi sama dag kr. 50.000.00 í stofnsjóð þess. Hinn 20. nóvember s. á. krafð-

ist hann þess fyrirvaralaust, að því er segir í greinargerð stefnda, að fá fé þetta endurgreitt. Ekki varð þó úr endurgreiðslu, og 10. febrúar 1959 ritar lögmaður stefnanda, Ragnar Jónsson hæstaréttarlögmaður, stefnda og krefst fjárins. Segir m. a. í bréfinu, að stefnandi byggi kröfu sína „bæði á samþykktum félagsins og skýlausum loforðum talsmanns þess, er innborgunin fór fram“. 15. febrúar 1959 ritaði formaður stjórnar stefnda lögmanninum um málið. Í bréfinu segir:

„Stjórn Bsf. FRAMTAKS ræddi þessa kröfu á fundi sínum í dag og komst að þeirri niðurstöðu, að félaginu bæri ekki að endurgreiða féð, fyrr en annar maður hefði gengið inn í stað Guðbrandar, eða ef ekki verður af byggingunni, þegar efnið, sem keypt var fyrir féð, hefur verið selt.

Byggingin verður auglýst í þessum mánuði, ef ekki fæst næg þátttaka, verður efnið boðið til sölu fyrir lok marzmánaðar.

Vér væntum þess, að skjólstæðingur yðar sætti sig við þessar ákvarðanir.“

Sem fyrr segir, var stefna í máli þessu birt 24. febrúar 1959. Upplýst var í hinum munnlega málflutningi, að nokkru síðar bauð formaður stefnda stefnanda sjálfum greiðslu, en stefnandi hafnaði því. Kr. 50.000.00 voru síðan greiddar með vöxtum fyrir milligöngu lögmanns stefnanda hinn 2. maí 1959.

Í greinargerð í máli þessu er endurgreiðslukrafan þannig rökstudd af lögmanni stefnanda: Kröfu sína um endurgreiðslu byggir umbjóðandi minn á 4. gr. og 22. gr. samþykkta félagsins...

Ég get þess, að í viðtölum við umbj.m., áður en hann gekk í félagið, hét formælandi þess, Sverrir Kjartansson, umbj.m. því sérstaklega, að hann skyldi fá stofnfé sitt endurgreitt, nær hann krefðist þess.“

Í 4. gr. samþykkta stefnda segir m. a.:

„Félaginu skal aflað fjár:

....

2. með frjálsum framlögum hvers félagsmanns í stofnsjóð.

Stofnsjóðseign hvers félagsmanns gangi upp í byggingarkostnað húss þess eða íbúðar, sem félagið ákveður að reisa fyrir hann...

Stofnfjárinastæður falla til útborgunar við andlát félagsmanns, við gjaldþrot, við brottflutning af félagssvæðinu, verði félagsmaður fátækrastyrksþurfi og við úrsögn úr félaginu, enda hafi hann fullnægt öllum skuldbindingum sínum við félagið.

4. ...

Félagsmenn í sama lánafllokki skulu vera sérstök deild innan síns byggingarsamvinnufélags, og er henni heimilt að hafa sérstaka stjórn, að því er varðar sérmál hennar.“

22. gr. samþykktu stefnda er svohljóðandi:

„Stofnsjóð félagsins skal ávaxta í banka, sem hefur ríkisábyrgð fyrir innstæðufé. Stofnféð verður jafnan að vera óbundið þannig, að unnt sé að greiða félagsmönnum fjáreign sína, hvenær sem er.“

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, eins og fyrr greinir, að í ofangreindum ákvæðum samþykktanna felist, að stefnda hafi borið að greiða honum stofnsjóðsframlag hans, þegar er þess var krafizt. Því er og haldið fram, að ráðstöfun sú á fénu, sem síðar greinir frá, hafi verið óheimil og í þágu 1. byggingarflokks félagsins gerð, en stefnandi var í 2. byggingarflokki.

Um loforð það um endurgreiðslu, sem getið er um hér að framan, er því haldið fram af hálfu stefnanda, að telja verði sannað, að það hafi verið gefið, þar sem staðhæfingu stefnanda um, að svo sé, hafi verið látið ómótmælt í greinargerð lögmanns stefnda.

Í hinum munnlega málflutningi hreyfði lögmaður stefnanda því, að ákveða bæri málskostnað til stefnanda með tilliti til þess, að formaður stefnda hefði gert tilraun til að greiða stofnsjóðsframlagið beint til stefnanda, án þess að lögmaður stefnanda hefði vitneskju um það. Taldi lögmaðurinn, að hér hefði verið um ólög-mæta tilraun að ræða til að komast hjá greiðslu á kostnaði vegna þjónustu þeirrar, sem hann hafði í té látið.

Í hinum munnlega málflutningi sagði lögmaður stefnda, að Sverrir Kjartansson, formaður félagsins, hefði tjáð sér, að hann hefði ekki gefið loforð um tafarlausa endurgreiðslu, eins og stefnandi heldur fram. Kvaðst lögmaðurinn ekki hafa hirt um að fá skýrslu, þar að lútandi, gefna fyrir dómj eða ræða þetta atriði í greinargerð, þar sem sér hefði skilizt af orðalagi greinargerðar lögmanns stefnanda, að á þessu meinta loforði væri ekki byggt sem málsástæðu. Einnig taldi lögmaðurinn mótmæli gegn því, að slíkt loforð hefði verið gefið, liggja í þeirri afstöðu stefnda að synja um greiðslu stofnsjóðsframlags stefnanda, jafnskjótt og hann krafði um hana. Loks mótmælti lögmaðurinn því, að loforð, eins og það, sem hér um ræðir, gæti verið bindandi fyrir stefnda.

Af hálfu stefnda er því einnig mótmælt, að í samþykktum þess felist skylda til að greiða stofnfjárframlag með öðrum hætti en boðið er í bréfinu frá 15. febrúar 1959. Féð hafi með löglegum hætti verið fest til að kaupa byggingarefni fyrir hús það, sem

stefnandi hafi átt að fá íbúð í. Hann hafi því ekki átt stofnfé í skilningi 22. gr. samþykktarinnar, enda geti enginn bæði átt stofnfé sitt í banka og jafnframt fast í byggingu þeirri, sem verið er að reisa fyrir féð. Til að sýna ráðstöfun stofnfjárins hefur verið lagður fram útdráttur úr fundargerð stjórnar stefnda um fund 17. júlí 1958. Segir þar:

„Formaður spurði meðstjórnendur, hvort að þeir væru samþykkir því, að þeirri fjárhæð, sem komin væri inn á 2. deild, væri varið til þess að greiða inn á skriðmót og timbur frá 1. deild.

Allir stjórnarmenn voru þessu samþykkir.“

Er því haldið fram, að þessi ráðstöfun hafi ekki aðeins verið lögleg, heldur og hagkvæm og eðlileg, eins og á stóð, og í þágu 2. byggingarflokks.

Með þessum rökum er því mótmælt, að endurgreiðslan til stefnanda hafi dregið lengur en eðlilegt og löglegt var, enda verði að ætla byggingarsamvinnufélögum ríflegan frest til að greiða út stofnfjárframlög, þegar aðstæður eru, eins og í þessu tilviki.

Eins og á stendur, verður ekki talið, að unnt sé að leggja til grundvallar þá staðhæfingu stefnanda, að bindandi loforð hafi verið gefið um, að framlag hans í stofnsjóð yrði endurgreitt, þegar er hann krefðist þess. Byggist sú niðurstaða þegar á þeirri ástæðu, að ekki er fram komið, að formaður félagsins hafi getað gefið slíkt loforð, svo að bindandi sé.

Í máli þessu þykir verða að taka tillit til þess, að endurheimtukafta stefnanda verður aðeins, að því er séð verður, byggð á því ákvæði 2. töluliðar 4. gr. samþykktar stefnda, sem kveður á um slíka endurgreiðslu, þegar félagsmaður segir sig úr félaginu. Fram er komið í málinu, að það gerði stefnandi ekki fyrr en 23. febrúar 1959, en stefnan í málinu var birt daginn eftir. Telja verður, að ósannað sé, að ráðstöfun sú, sem gerð var, varðandi stofnsjóðsframlag stefnanda, hafi verið ólöglegt, og varð stefndi því ekki krafinn um féð með þeim hætti, sem gert var. Málsókn þessi virðist því hafa verið hafin, án þess að fullt tilefni væri til.

Ekki þykir heldur unnt að dæma stefnda til að greiða málskostnað vegna þeirrar greiðslutilraunar formanns þess, sem áður er um getið.

Eftir þessu verður ekki unnt að taka til greina kröfu stefnanda um málskostnað, og ekki er annars en málskostnaðar krafizt í máli þessu.

Ekki þykir heldur efni til að sinna kröfu stefnda um máls-

kostnað, enda verður að telja, að nokkur vafi hafi verið um úrslit máls þessa.

Verða þá úrslit málsins þau, að málskostnaður fellur niður. Þór Vilhjálmsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Málskostnaður í málinu nr. 473/1959 falli niður.

---

Föstudaginn 17. febrúar 1961.

Nr. 96/1960. **Búnaðarbanki Íslands**

(Hermann Jónasson hrl.)

gegn

**Borgarstjóranum í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs**

(Tómas Jónsson hrl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Árni Tryggvason, Jónatan Hallvarðsson og Lárus Jóhannesson og Theodór B. Línal prófessor.

Útsvarsmál.

### Dómur Hæstaréttar.

Sigurður Grímsson, fulltrúi borgarfégetans í Reykjavík, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 9. júní 1960, að fengnu áfrýjunarleyfi 8. s. m. Krefst hann þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði felldur úr gildi, synjað um framkvæmd lögtaks þess, sem krafizt er, og stefnda dæmt að greiða málskostnað fyrir fégetadómi og Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar í Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Í a-lið 6. gr. laga nr. 66/1945 um útsvör segir, að ríkissjóður og aðrir sjóðir, sem standa undir umsjón ríkisstjórnarinnar, þ. á m. Ræktunarsjóður, séu undanþegnir útsvarsskyldu. Jafnframt er kveðið svo á, að um útsvör annarra